

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. 2.585. Fyrstu 6 mánuði frá staðfestingu gjaldskrár þessarar er skráningin gjaldfrí.

2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna kattar kr. 5.170. Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar gjaldið um 50%.

3. gr.

Af köttum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 12. gr. samþykktar um kattahald í Dalvíkurbyggð nr. 17/2013 skal greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef köttur er ekki örmerktur samkvæmt 8. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar ber að innheimta kr. 5.170 vegna handsömunar og 827 kr. fyrir hvern dag sem köttur er vistaður í kattageymslu fyrir fóður og vistun. Gjald fyrir örmerkingu kattar fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1262/2013.

Samþykkt í landbúnaðarráði Dalvíkurbyggðar 9. október 2014.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 21. október 2014.

Dalvík, 21. október 2014.

Bjarni Th. Bjarnason sveitarstjóri.